

Gos í Eyjafjallajökli - staða 13. maí 2010 kl. 16:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Steinunni S. Jakobsdóttir, Elínu Björk Jónasdóttur, Birni Oddssyni, Sigrúnu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurradar, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar, flugi yfir gosstöðvar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): er að jafnaði um 6 km skv. veðurratsjá en fer hæst í um 9 km. Mjög hægur vindur er ofan við gosstöðvarnar og óstöðugt loft fyrir sunnan land, en þetta hefur hvort tveggja áhrif á hæð öskuskýs.

Stefna: Suðaustur (skv. veðurkortum og gervitunglamynd NOAA).

Litur: Grár.

Gjóskufall: Tilkynningar um öskufall frá Berjanesi og fleiri stöðum undir Eyjafjöllum. Drangshlíðar- og Skarðshlíðarbærir tilkynna um öskufall frá því kl. 6 í morgun, með smá hléi um hádegisbil og aftur um kl. 16. Frá Skógum er tilkynnt um öskufall frá miðnætti til morguns. Askan er nú aftur heldur fínni.

Eldingar: Tuttugu eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar frá því í gærkvöldi.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Rennsli við Gígjökul er lítið eins og undanfarna daga.

Aðstæður á gosstað: Í flugi sást efsti hluti gosmakkar og neðri hluti Gígjökuls. Allt þar á milli var hulið skýjum. Gosmökkur náði um 5 km hæð yfir gosstöðvum, grár á lit og nokkuð stöðugur. Engar stórar breytingar eru í Gígjökli

Órói: Óróinn er nokkuð stöðugur og hefur verið svipaður síðustu sólarhringa.

Jarðskjálftar: Um kl. 16 í dag mældust 4 skjálftar undir Eyjafjallajökli. Skjálftarnir voru allir grunnir.

GPS-aflögun: Færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

Heildarmat:

Gosvirknin virðist nokkuð stöðug núna. Mökkurinn er þó nokkuð hærri í dag en í gær. Ekkert bendir til þess að gosinu sé að ljúka.